

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2008

frá 5. desember 2008

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 755/2008 frá 31. júlí 2008 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0755**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 755/2008 frá 31. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 755/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 frá 26. október 2007, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.